

---

## Sjóvarnir við Breiðagerðisvík á Vatnsleysuströnd, Sveitarfélaginu Vogum Ákvörðun um matsskyldu

---

### Inngangur

Þann 17. maí 2016 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um fyrirhugaða gerð sjóvarna við Breiðagerðisvík, í Sveitarfélaginu Vogum samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og lið 10.22 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Voga, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

### Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Sjóvarnir á Vatnsleysuströnd. Sveitarfélagið Vogar. Tilkynning framkvæmdar til Skipulagsstofnunar, maí 2016.

Umsagnir bárust frá:

- Sveitarfélaginu Vogum með tölvupósti, dags. 22.júní 2016.
- Minjastofnun Íslands með bréfi, dags. 2. júní 2016
- Umhverfisstofnun með bréfi, dags. 2. júní 2016

### Fyrirhuguð framkvæmd

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugaðar framkvæmdir séu innan hverfisverndarsvæðis H-1 í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008-2028. Tilgangur framkvæmdarinnar sé sá að stemma stigu við landrofi á svæðinu. Mikið landrof hafi átt sér stað á sjávarkambinum við Breiðagerðisvík og sjóvörnum sé ætlað að halda rofinu í skefjum. Um sé að ræða litla framkvæmd, sjóvörnir sé 380 m löng og heildarmagn grjóts og sprengds kjarna um 3000 m<sup>3</sup>. Toppur sjóvarnar muni ná u.þ.b. 0,5 m upp fyrir núverandi landhæð og að akbraut sé nánast niður að framkvæmdarstað.

### Umhverfisáhrif

Fram kemur að um sé að ræða framkvæmdir sem ekki séu umfangsmiklar og taki til afmarkaðs svæðis. Umhverfisáhrif að mati framkvæmdaraðila eru óveruleg. Sjónræn áhrif framkvæmdarinnar séu lítil enda muni framkvæmdin ekki sjást nema úr fjörunni framan við sjóvörnina og úr allra næsta nágrenni. Áhrif á framkvæmdatíma verði vegna ónæðis aksturs vörubíla og vegna grjótröðunar, en þau takmarkist við svæðin sem verið sé að verja og valdi ekki ónæði utan þeirra.

Í umsögn Minjastofnunar kemur fram að finna megi allnokkurt magn fornleifa sem geti talist í hættu vegna framkvæmda við gerð sjóvarnargarðsins enda séu þær einungis í 20 til 50 m fjarlægð frá miðlínu garðsins. Ef ekki verði komist hjá raski á þeim fornleifum þurfi að sækja um leyfi til þess til Minjastofnunar Íslands og sæta þeim kröfum sem stofnunin kunni að setja fyrir slíku raski. Að auki bendir Minjastofnun á að gæta þurfi varúðar við gerð varnargarðsins framan við Halagerði (GK-



143:020). Minjastofnun telur að ekki þurfi að grípa til mótvægisáðgerða vegna þeirra fornleifa sem ekki eru sýnilegar á yfirborði, þ.e. vegna varnargarðsins (GK-143:018), útihússins (GK-145:004), Merkjagarðs (GK-145:015) og Sjávarstígs (GK-145:016). Skráning hleðslunnar (GK-143:037) og varnargarðsins (GK-145:012) eru fullnægjandi mótvægisáðgerðir að mati Minjastofnunar. Minjastofnun tekur síðan fram að ef gengið verði að kröfum stofnunarinnar sem fram koma í umsögn hennar telji stofnunin að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að fyrirhugað framkvæmdarsvæði sé grasi vaxinn mói eða gamalt tún. Fjaran sé ýmist malar- eða sandfjara. Sjóvörnin sé staðsett efst í fjörukambi og muni ekki ná nema 50 cm yfir landhæð og því verða lítt sýnilegur auk þess sem slóð liggja nú þegar nánast að fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði. Að teknu tilliti til þessara atriða telur stofnunin að ekki sé líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

## Skipulag og leyfisveitingar

Fram kemur að ekkert deiliskipulag sé til fyrir svæðið við Breiðagerðisvík en í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir sjóvörnum á þeim stað.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Voga skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012.

## Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Um er að ræða gerð sjóvarnargarðs við Breiðagerðisvík í Sveitarfélaginu Vogum. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.22 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði vegna hugsanlegs rasks fornleifa. Hvað varðar sjónræn áhrif þá verða þau lítil og aðeins sjáanleg úr fjörunni og næsta nágrenni. Á framkvæmdatíma mun verða aukin umferð um svæðið vegna efnisflutninga en þau áhrif eru einungis tímabundin og bundin við nánasta framkvæmdarsvæði. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að farið verði eftir kröfum vegna hugsanlegs rasks á fornleifum og um mótvægisáðgerðir sem Minjastofnun Íslands kann að setja.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð sjóvarnir við Breiðagerðisvík sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 29. júlí 2016.



Reykjavík, 24. júní 2016

Sigmar Arnar Steingrímsson

Inga Birna Ólafsdóttir